

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 2019 í máli nr. E-39/2018:

A

(Grímur Sigurðarson lögmaður)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf. og

B

(Jón Eðvald Malmquist lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 15. apríl 2019, var höfðað 21. desember 2017 af A, [...], á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, og B, [...], til viðurkenningar á skyldu til greiðslu viðbótarskaðabóta.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefndu beri skylda til að greiða stefnanda viðbótarskaðabætur, óskipt, samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993, vegna þess líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í umferðarslysi 9. mars 2007, þar sem stefnandi var farþegi í bifreiðinni [...]. Stefnandi krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefndu eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, auk virðisaukaskatts.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og gera kröfu um málskostnað úr hendi hennar að mati dómsins.

Í greinargerð stefndu, sem lögð var fram á dómþingi 27. nóvember 2018, er sýknukrafa þeirra m.a. á því byggð að krafa stefnanda sé fyrnd samkvæmt 99. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Við fyrirtöku málsins 12. febrúar 2019 var ákveðið, með vísan til 1. mgr. 31. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, að skipta sakarefni málsins upp þannig að fyrst yrði dæmt um þær varnir stefndu sem byggjast á fyrningu. Er sá þáttur ágreinings aðila til úrlausnar í dómi þessum. Krefjast stefndu sýknu vegna fyrningar en stefnandi krefst þess að því verði hafnað að viðurkenningarkrafan hafi fallið niður fyrir fyrningu. Þá krefjast aðilar málskostnaðar svo sem að framan greinir.

Málsatvik

Stefnandi slasaðist í bílveltu 9. mars 2007 þegar hún var farþegi í bifreiðinni [...]. Stefndi B var skráður eigandi bifreiðarinnar. Stefndi Vátryggingarfélag Íslands hf. (VÍS), sem var ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar, viðurkenndi bótaskyldu gagnvart stefnanda vegna slyssins. Með matsgerð, dags. 5. júní 2008, mátu Ragnar Jónsson læknir og Birgir G. Magnússon lögmaður bótaþætti samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993. Var tímabundið atvinnutjón (óvinnufærni) samkvæmt 2. gr. metið frá slysdegi til 15. ágúst 2007 og þjáningabætur samkvæmt 3. gr. ákveðnar miðað við að stefnandi hefði verið veik í skilningi skaðabótalaga á sama tímabili, þar af rúmföst frá 9. mars 2007 til 23. mars 2007 og frá 28. júní til 15. ágúst 2007. Varanlegur miski samkvæmt 4. gr. var ákveðinn 25 stig og varanleg örorka samkvæmt 5. gr. ákveðin 30%. Heilsufar stefnanda taldist hafa verið orðið stöðugt 15. ágúst 2007. Gengið var frá uppgjöri bóta frá VÍS til stefnanda 26. ágúst 2008 á grundvelli matsins. Á tjónskvittun er af hálfu stefnanda gerður almennur fyrirvari varðandi miska og varanlega örorku.

Í gögnum málsins kemur fram, m.a. í örorkumati lífeyristrygginga, dags. 30. október 2014, að stefnandi beri menjar fjöláverka eftir umferðarslys árið 2007. Einnig segir þar að henni hafi verið metinn örorkustyrkur (50% örorka) frá 1. janúar 2009 til 30. apríl 2011 og þar áður endurhæfingartímabil frá 1. júlí 2007. Í vottorðum heimilislæknis stefnanda, allt frá slysárinu 2007 og fram á mitt ár 2018, kemur ítrekað fram að hún hafi í slysinu m.a. hlotið slæma tognun á hálsi og baki, viðbeinsbrot, fingurbrot, skurði á höfuð, áverka á hægri hné og þjáist af útbreiddum stoðkerfisverkjum og verkjum í hægri öxl í kjölfar þess.

Með tölvupósti, dags. 5. desember 2016, frá lögmanni stefnanda til VÍS var þess farið á leit að félagið samþykkti að meta líkamstjón stefnanda vegna slyssins aftur. Þá var þess óskað að VÍS samþykkti að bera ekki fyrir sig fyrningu ef svo vildi til að kröfur stefnanda fyrndust annaðhvort um áramótin 2016/2017 eða við 10 ár frá slysi, þ.e. 9. mars 2017. Í tölvupósti, dags. 9. desember 2016, frá stefnda VÍS til lögmannsins kom fram að VÍS væri ekki reiðubúið að kosta annað mat, enda lægju ekki fyrir nein gögn um að heilsufarið hefði versnað eða aðrir kvillar bæst við sem rekja mætti til óhappsins, en VÍS gæti fallist á að standa sameiginlega að mati ef þess yrði aflað á áhættu og kostnað stefnanda. Þá féllst stefndi VÍS á að félagið myndi ekki bera fyrir sig fyrningu um áramótin 2016/2017, með þeim fyrirvara þó að kröfur stefnanda væru ekki þá þegar fyrndar, þ.e. hefðu fyrnst áramótin 2015/2016 eða fyrr, og að málið yrði gert upp fyrir lok næsta árs, þ.e. fyrir áramótin 2017/2018. Með sömu fyrirvörum myndi félagið ekki bera fyrir sig 10 ára fyrningu. Rúmu ári síðar kom fram í tölvupósti VÍS til lögmanns stefnanda, dags. 14. desember 2017, að stefndi VÍS væri ekki tilbúinn að falla frá fyrningu í málinu,

enda væru liðin meira en 10 ár frá slysdegi. Mál þetta var höfðað viku síðar, þann 21. desember 2017.

Með matsbeiðni, dags. 20. mars 2018, óskaði stefnandi eftir því í sérstöku matsmáli að dómkvaddir yrðu tveir matsmenn til að meta afleiðingar bílslyssins. Guðmundur Sigurðsson prófessor og Ríkharður Sigfússon bæklunarlæknir voru dómkvaddir til að framkvæma hið umbeðna mat 24. maí 2018. Matsgerð þeirra í máli nr. M-40/2018, dags. 10. október 2018, var lögð fram í máli þessu í þinghaldi 19. desember 2018.

Við aðalmeðferð í þessum hluta málsins gaf stefnandi skýrslu fyrir dómi.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Krafa stefnanda um viðbótarskaðabætur beinist annars vegar að stefnda VÍS sem ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar [...] og hins vegar að stefnda B sem skráningarskyldum eiganda bifreiðarinnar, sbr. 88. gr., 90. gr. og 97. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Stefndi VÍS hafi þegar viðurkennt bótaskyldu sína vegna þess líkamstjóns sem stefnandi hlaut í umferðarslysinu 9. mars 2007, þá farþegi í bifreiðinni [...] Stefndi VÍS telji ekki sannað að stefnandi hafi orðið fyrir meira líkamstjóni en sýnt hafi verið fram á með matsgerð frá 5. júní 2008 og hafi greitt stefnanda skaðabætur, sem reiknaðar hafi verið á grundvelli þeirrar matsgerðar. Við uppgjör þeirra 26. ágúst 2008 hafi verið gerður fyrirvari við alla bótaþætti og áskilinn réttur til að láta fara fram nýtt örorkumat og gera nýjar bótakröfur.

Matsgerðin hafi einkum byggst á mati á hálsi, andlegu heilsufari, hægra viðbeini, fingri vinstri handar og lýti. Ekki hafi verið tekið tillit til höfuðs, hægri axlar, hægri handar, fingurs á hægri hendi, hægri olnboga, baks og hægri kálfa við matið. Mat um 25 miskastig og 30% varanlega örorku endurspegli ekki líkamstjón stefnanda og/eða vinnufærni (varanlega örorku) til framtíðar. Stefnandi hafi verið metin með örorkustyrk (50% vinnufærni) undanfarin ár af Tryggingastofnun ríkisins, en í því mati komi fram að það sé byggt á þeirri staðreynd að stefnandi hafi hlotið fjörláverka í umferðarslysi 9. mars 2007. Matið sýni að vinnufærni sé mun minni en greini í matsgerð og sé varanleg örorka samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 því meiri. Í vottorði heimilislæknis 30. júlí 2017 komi fram að stefnandi hafi ekki almennilega komist til vinnu frá því að hún lenti í umræddu slysi. Mikið ósamræmi sé milli þessara gagna, sem öll eigi að endurspegla varanlegt líkamstjón stefnanda vegna slyssins, og hefði stefnandi því átt að vera metin með meiri miska og örorku 2008, en einnig hafi þróunin eftir slysið sýnt að varanlegt líkamstjón hennar hafi verið vanáætlað.

Stefndi VÍS hafi hafnað beiðni stefnanda um að standa fyrir nýju mati á afleiðingum slyssins með tölvuskeyti 9. desember 2016. Þar hafi VÍS lýst því yfir að félagið myndi ekki bera fyrir sig fyrningu um áramótin 2016/2017. Að fengnu leyfi til gjafsóknar hafi stefnandi óskað eftir því við stefnda VÍS að félagið bæri ekki fyrir sig fyrningu um áramótin 2017/2018. Því hafi VÍS hafnað í tölvuskeyti 14. desember 2017. Málið sé höfðað í kjölfarið einkum til þess að rjúfa fyrningu.

Stefnandi krefjist þess að viðurkennt verði með dómi að stefndu sé skylt að greiða stefnanda viðbótarskaðabætur vegna slyssins og vænti þess að sannað verði að hún eigi rétt á þeim með nýju mati dómkvaddra matsmanna sem aflað verði við meðferð málsins. Hún muni þá auka við dómkröfuna og/eða hafa uppi nýjar kröfur með framhaldsstefnu, sbr. 29. gr. laga um meðferð einkamála.

Stefnandi byggi málsóknina m.a. á meginreglum skaðabótaréttar, umferðarlögum nr. 50/1987 og skaðabótalögum nr. 50/1993. Vísað sé til laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, einkum 44. gr. og 45. gr. laganna. Um varnarþing sé vísað til 33. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, um heimild til að höfða viðurkenningarmál til 2. mgr. 25. gr. sömu laga og krafa um málskostnað styðjist við XX. og XXI. kafla laganna. Um kröfu um virðisaukaskatt sé vísað til laga nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefndu um fyrningu

Sýknukrafa stefndu byggi í fyrsta lagi á því að krafa stefnanda sé fyrnd samkvæmt 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Réttur stefnanda til bóta úr hendi stefndu grundvallist á XIII. kafla umferðarlaga og því fari um fyrningu á bótakröfu stefnanda eftir ákvæðum 99. gr. umferðarlaga. Samkvæmt ákvæðinu fyrnist allar bótakröfur fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Tvö skilyrði séu þannig sett fyrir upphafstíma fjögurra ára fyrningarfrestsins. Annars vegar verði tjónþoli að hafa fengið vitneskju um kröfuna og hins vegar verði það tímamark að vera komið að hann eigi þess fyrst kost að leita fullnustu kröfunnar. Bæði þessi skilyrði verði að vera uppfyllt.

Dómvenja sé fyrir því að beita skuli hlutlægum mælikvarða á það hvenær tjónþoli megi gera sér grein fyrir kröfu sinni og geti leitað fullnustu hennar. Ekki beri að líta til þess hvenær tjónþoli ákveði að hefjast handa, hvort sem það sé með því að leita til sérfræðinga, afla matsgerðar eða á einhvern annan hátt. Horfa þurfi hér til þess hvenær tjónþola hafi fyrst gefist kostur á einhverju slíku, óháð því hvað hann hafi gert. Önnur viðmiðun myndi þýða að tjónþoli réði því í raun sjálfur hvenær fyrningarfresturinn byrjaði að líða og gæti dregið það árum saman án ástæðu að

leita til læknis eða sérfræðings til að staðreyna afleiðingar slyss, án þess að það hefði áhrif á upphaf fyrningarfrests. Það fái vitaskuld ekki staðist þegar litið sé til þess að fjögurra ára fyrningarreglan sé, eins og aðrar fyrningarreglur, sett í þágu greiðanda og almannahagsmuna en ekki í þágu kröfuhafa.

Miða beri upphaf fjögurra ára fyrningarfrests 99. gr. umferðarlaga við það tímamark þegar matsmenn hafi talið að tímabært væri að meta afleiðingar slyssins. Í matsgerð, dags. 5. júní 2008, hafi heilsufar stefnanda talist vera orðið stöðugt 15. ágúst 2007. Í matsgerð í máli nr. M-40/2018, dags. 10. október 2018, telji dómkvaddir matsmenn að heilsufar stefnanda eftir slysið hafi orðið stöðugt 6. nóvember 2007. Fresturinn hafi því byrjað að líða 1. janúar 2008 og hafi runnið út 31. desember 2011. Fyrningarfresturinn hafi því verið liðinn þegar lögmaður stefnanda hafi óskað eftir því að stefndi VÍS myndi ekki bera fyrir sig fyrningu um áramótin 2016/2017. Það hafi verið samþykkt með þeim fyrirvörum að kröfur stefnanda væru ekki þá þegar fyrndar.

Verði ekki fallist á að miða beri upphaf fyrningarfrests við það þegar matsmenn töldu heilsufar stefnanda vera orðið stöðugt beri að miða upphaf fjögurra ára fyrningarfrestsins samkvæmt 99. gr. umferðarlaga við það þegar fyrst hafi verið leitað mats á afleiðingum slyssins, sem stefndi VÍS og stefnandi hafi sameiginlega óskað eftir með matsbeiðni 4. apríl 2008. Ekkert nýtt hafi komið fram um afleiðingar slyssins frá því að matsgerð Ragnars Jónssonar læknis og Birgis G. Magnússonar lögmanns lá fyrir 5. júní 2008. Í matsgerð í máli nr. M-40/2018 sé m.a. tekin afstaða til þess hvaða líkamstjóni stefnandi hafi orðið fyrir sem rekja megi til umferðarslyssins. Þar komi fram að þessi einkenni hafi legið fyrir frá upphafi.

Verði ekki fallist á að miða upphaf fyrningarfrests við það þegar fyrst hafi verið leitað álits á afleiðingum slyssins með matsbeiðni þann 4. apríl 2008, eigi að miða við það þegar stefnanda hafi fyrst verið metinn örorkustyrkur (50%) örorka 1. janúar 2009. Í örorkumati lífeyristrygginga, dags. 30. október 2014, komi m.a. fram að stefnanda hafi verið metinn örorkustyrkur (50% örorka) frá 1. janúar 2009 til 30. apríl 2011.

Eigi að miða upphafstíma fyrningar við eitthvert annað síðara tímamark, eftir að tjónþola verði ljóst að hann hafi hlotið varanlegar líkamlegar afleiðingar af slysi, þá sé nauðsynlegt að sýna fram á aukin og/eða ný einkenni vegna slyssins. Það verði að liggja fyrir að líkamlegt ástand tjónþola hafi breyst frá því sem áður hafi verið talið vegna aukinna og/eða nýrra einkenna sem ekki hafi verið fyrir hendi áður. Svo sé ekki í þessu máli, enda ljóst af fyrirliggjandi matsgerðum að einkenni stefnanda

sem þar séu metin séu þau sömu. Þá hafi fyrirvarar engin áhrif á fyrningu.

Einu gildi við hvaða mögulegan upphafsdag fjögurra ára fyrningarfrestur 99. gr. umferðarlaga sé miðaður. Niðurstaðan sé alltaf sú sama, að fresturinn hafi verið liðinn áður en stefnandi hafi óskað eftir því að stefndi VÍS myndi ekki bera fyrir sig fyrningu um áramótin 2016/2017. Hugsanleg krafa stefnanda á hendur stefndu hafi því alltaf verið fallin niður fyrir fyrningu. Beri af þeim sökum að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda. Þá séu skilyrði 11. gr. skaðabótalaga til endurupptöku, um að miskastig eða örorkustig séu verulega hærrí en áður var talið eða að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu stefnanda, ekki fyrir hendi. Allra þeirra einkenna sem metin séu í nýrri matsgerð sé getið í upphaflegri matsgerð og helgist mismunurinn á niðurstöðum eingöngu af því að matsmenn leggi mismunandi mat á sömu áverka og einkenni.

Stefndu vísi til almennra reglna skaðabótaréttar, einkum um sönnun og sönnunarbyrði, skaðabótalaga nr. 50/1993, umferðarlaga nr. 50/1987, auk laga um meðferð einkamála eftir því sem við eigi, og byggi kröfu um málskostnað á 129. gr. og 130 gr. þeirra laga.

Niðurstaða

Ágreiningur aðila í þessum þætti málsins snýst um það hvort krafa stefnanda um frekari bætur vegna slyssins sé fallin niður fyrir fyrningu. Krafa stefnanda byggist á 88. gr., 90. gr. og 97. gr. í XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987. Óumdeilt er að um fyrningu slíkrar kröfu fer samkvæmt 99. gr. laganna. Þar segir að allar bótakröfur samkvæmt þeim kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð beri, og váttryggingafélagi, svo og endurkröfur váttryggingafélags, fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

Fyrir liggur að meira en tíu ár voru liðin frá slysinu, sem varð 9. mars 2007, þegar málið var höfðað 21. desember 2017. Stefnandi byggir á því að stefndi VÍS hafi með skuldbindandi hætti lofað að bera ekki fyrir sig fyrningu kröfunnar og vísar í því efni til samskipta við stefnda VÍS í desember 2016, þar sem því hafi verið lýst yfir. Stefnandi VÍS leggur áherslu á að sá fyrirvari hafi þá verið gerður að krafan væri ekki þegar fyrnd. Byggir stefndi á því að þar sem meira en fjögur ár hafi þá verið liðin frá lokum þess almanaksárs þegar stefnandi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess kost að leita fullnustu hennar hafi krafan þegar verið fyrnd í desember 2016. Miða beri upphaf fyrningarfrests við þann tíma þegar heilsufar stefnanda var metið stöðugt, 15. ágúst 2007, en að öðrum kosti við það þegar mats var óskað 4.

apríl 2008. Að því frágengnu er á því byggt að þegar stefnanda hafi verið metinn örorkustyrkur, þ.e. 50% örorka, frá 1. janúar 2009 vegna afleiðinga slyssins hafi hún haft vitneskju um kröfu sína og átt þess kost að leita fullnustu hennar. Stefnandi telur að skilyrði 99. gr. umferðarlaga um upphaf fyrningarfrests hafi ekki verið fyrir hendi fyrr en síðar, og þá innan fjögurra ára fyrningarfrests miðað við desember 2016, þ.e. eftir áramótin 2011/2012.

Í framburði stefnanda fyrir dómi kom fram að hún hefði fengið áverka á marga líkamshluta og hefði þurft að leita til mismunandi sérfræðinga vegna þeirra. Á árunum 2014 og 2015 hafi hún m.a. leitað til sérfræðinga vegna viðbeins og hægri axlar og vegna bakmeiðsla, sem legið hefðu fyrir frá upphafi. Hún hafi farið í fimm aðgerðir vegna slyssins, þar af þrjár á hægra hné, sem sé ónýtt. Hún hafi á árinu 2015 talið sig eiga kröfu á viðbótarbótum og hafi þá ákveðið að láta athuga málið.

Í stefnu er vísað til þess að ósamræmi sé á milli matsgerðar frá 5. júní 2008, þar sem varanleg örorka stefnanda vegna slyssins var metin 30% og miski 25 stig, og þess að Tryggingastofnun hafi metið stefnanda örorkustyrk, þ.e. 50% örorku, frá árinu 2009. Það sýni að vinnufærni stefnanda sé mun minni en greini í matsgerð og sé varanleg örorka samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga því meiri. Jafnframt er vísað til vottorðs Elínar Fanneyjar Hjaltalín heimilislæknis frá 30. júlí 2017 um óvinnufærni stefnanda frá því að slysið varð. Í vottorði læknisins er áverkum sem stefnandi hlaut í slysinu lýst og samantekið hvernig meðferð hafi verið hagað. Í sjúkraskrá stefnanda kemur fram að læknirinn hefur margoft frá því að slysið varð ritað vottorð um þessi atriði af ýmsum tilefnum þar sem áverkum og einkennum um varanlegt líkamstjón stefnanda vegna slyssins er lýst með líkum hætti. Þar á meðal er lýst viðbeinsbroti og einkennum frá hægri öxl, hægra hné og baki, sem þegar var getið um í vottorði sem ritað var að beiðni lögmanns í umboði stefnanda 28. ágúst 2007. Í vottorði sem ritað var fyrir stefnanda 30. desember 2009 vegna umsóknar hennar um örorkubætur kemur jafnframt fram að hún hafi verið óvinnufær frá slysi og nánar er lýst afleiðingum þess, sem ekki hafi lagast. Samkvæmt þessu var stefnanda fyrir árslok 2009 bæði kunnugt um þær varanlegu afleiðingar slyssins sem lýst er í vottorðum læknisins og um 50% örorkumat Tryggingastofnunar.

Í þeim læknisfræðilegum gögnum sem stefnandi hefur lagt fram í málinu er ekki að finna vísbendingar um að á árinu 2012 eða síðar hafi stefnandi fyrst fengið vitneskju um aðrar varanlegar afleiðingar af umræddu slysi en þær sem hún áður vissi um. Engin haldbær rök hafa verið færð fyrir því að stefnandi hafi ekki átt þess kost að leita fullnustu kröfu sinnar fyrr en raun ber vitni.

Að framangreindu virtu er það niðurstaða dómsins að hugsanleg krafa stefnanda um viðbótarskaðabætur vegna slyssins 9. mars 2007 var fyrnd þegar þess var óskað að VÍS myndi ekki bera fyrir sig fyrningu kröfunnar í desember 2016. Umbeðin yfirlýsing, sem var háð þeim fyrirvara að krafan væri ekki þegar fyrnd, kemur því ekki í veg fyrir þá niðurstöðu að óhjákvæmilegt er að sýkna stefndu af viðurkenningarkröfu stefnanda vegna fyrningar.

Þess ber að geta að dómari fékk málinu úthlutað 2. desember 2018, en hafði enga aðkomu að meðferð þess fyrir þann dag. Eftir að málið var höfðað og þingfest voru, samkvæmt matsbeiðni stefnanda þar sem ekki er getið um málshöfðun, dómkvaddir tveir matsmenn í sérstöku matsmáli við sama dómstól, andstætt fyrirmælum 1. mgr., sbr. 2. mgr., 47. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. t.d. dómur Hæstaréttar í máli nr. 821/2014, en ekki reynir í málinu á matsgerðina sem þannig var aflað.

Stefnandi hefur fengið leyfi til gjafsóknar og verður gjafsóknarkostnaður hennar því greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, Gríms Sigurðarsonar, sem með hliðsjón af eðli og umfangi málsins er ákveðin 800.000 krónur. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.

Dóminn kveður upp Krístrún Kristinsdóttir héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Stefndu, Vátryggingafélag Íslands hf. og B, eru sýknir af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, Gríms Sigurðarsonar, 800.000 krónur.

Krístrún Kristinsdóttir